

## AUGLÝSING

### um starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.

#### „STARFSREGLUR

um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.

#### 1. gr.

1. mgr. 3. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Hver sóknarmaður getur gert tillögu um breytingu á skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Gefa skal safnaðarfundum viðkomandi sókna og héraðsfundi kost á að veita umsögn um tillögur um breytingar á skipan sókna og prestakalla. Umsagnir skulu sendar biskupafundi, sem býr málið til kirkjuþings.

#### 2. gr.

6. gr. orðast svo:

Sameining sókna eða skipting sóknar skal að jafnaði taka gildi 30. nóvember eftir að kirkjuþing það ár hefur samþykkt sameiningu eða skiptingu.

#### 3. gr.

##### ***Suðurprófastsdæmi***

Þingvallaprestakall og Skálholtsprestakall sameinast í eitt prestakall er nefnist Skálholtsprestakall. Prestssetur: Skálholt.

#### 4. gr.

##### ***Vestfjarðaprófastsdæmi***

Ísafjarðar- og Hnífsdalssóknir, Ísafjarðarprestakalli sameinast í eina sókn er nefnist Ísafjarðar-sókn.

Súðavíkur-, Vatnsfjarðar- og Ögursóknir, sem tilheyra Holtsprestakalli, tilheyra eftirleiðis Bolungarvíkurprestakalli.

Staðarsókn tilheyrir eftirleiðis Holtsprestakalli.

#### 5. gr.

##### ***Austurlandsprófastsdæmi***

Eiða-, Seyðisfjarðar-, Vallanes- og Valþjófsstaðarprestaköll sameinast í eitt prestakall, Egilsstaðaprestakall. Prestssetur skal lagt til á Seyðisfirði.

#### 6. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 30. nóvember 2011 og breytist þá heiti Vallanesprestakalls í Egilsstaðaprestakall.

5. gr. starfsreglna þessara öðlast þó gildi sem hér segir:

Eiðaprestakall sameinast Egilsstaðaprestakalli 30. nóvember 2011.

Seyðisfjarðarprestakall sameinast Egilsstaðaprestakalli við starfslok sóknarprests Seyðisfjarðarprestakalls.

Valþjófsstaðarprestakall sameinast Egilsstaðaprestakalli við starfslok sóknarprests Valþjófsstaðarprestakalls.

*Gjört í Reykjavík, 23. nóvember 2011.*

**Pétur Kr. Hafstein**, forseti kirkjuþings.“

Nr. 1114

23. nóvember 2011

Starfsreglur þessar eru hér með kunngjörðar almenningi.

*Reykjavík, 23. nóvember 2011.*

**Karl Sigurbjörnsson**, biskup Íslands.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. desember 2011